


VEIÐIDAGBÓK



VEIÐISTIJÓRA
EMBÆTTIÐ
2000



tasco

s j ó n a u k a r



PICTURE BY

Sjónvarpsmiðstöðin

SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

EFNISYFIRLIT



Leiðari	2
Refir og minkar	3
Félagskerfi gráanda að vetrarlagi	7
Hrafnar í Þingeyjarsýslum	10
Skipting veiðisvæða	16
Veiðiskýrsla	17
Veiðidagbók veiðimannsins	20
Veiðitölur	29
Skyldur skotveiðimanna	31
Friðlýst svæði	32
Kort af friðuðum svæðum	34
Happdrætti	38
Fuglamerki hvað á að gera við þau	40
Boð og bönn	42
Veiðitímabil, tafla	46
Veiðikortakerfið	48

Veiðistjóraembættið gefur þennan bækling út og er hann kostaður með auglýsingum.

Veiðistjóraembættið • Hafnarstræti 97 • 600 Akureyri
s: 462-2820 • Bréfasími: 462-2325 • NMT: 854-2992.

Heimasíða: www.ni.is/veidi • Tölvupóstur: veidist@ni.is

Ljósmynd á forsiðu: Jóhann Öli Hilmarsson

Prentvinnsla: Ásprent/pob • 600 Akureyri • S: 4 600 700

Ritstjóri: Bjarni Pálsson, verkefnisstjóri veiðikorta

Ábyrgðarmaður: Áki Armann Jónsson, Veiðistjóri





Sl. vor hélt veiðistjóri í ferð til Finnlands til þess að kynna sér Finnsla veiðistjóraembættið en einnig ýmsar nýjungar í minkaveiðum. Í Finnlandi fer öll innkoman af veiðikortunum til þess að reka finnska veiðistjóraembættið (300.000 veiðikorthafar, veltan um 450 millj.) og á móti kemur framlag til rannsókna frá ríkinu. Í stuttu máli sagt þá eru þessi mál til fyrirmyndar hjá frændum vorum og við eigum margt ógert hér heima í þessum málum.

En snúum okkur nú að þessum nýju veiðiaðferðum á minkinn. Fyrst má telja þrýstiloft sem er notað til þess að ná minkum upp úr urð. Þetta virkaði mjög vel þar sem ég sá til og ætlunin er að prófa þetta nú í sumar við íslenskar aðstæður. Hægt hefur verið að halda stórum eyjklösum minklausum með þessari aðferð. Einnig stendur til að prófa lyktarefni sem á að laða minkinn að gildrum. Embættið hefur loks fengið fjárveitingu til þess að standa fyrir slíkum rannsóknum og vonandi

verður það til þess að snúa vörn í sókn gegn minknum. Í Finnlandi er ekki greitt fyrir veiddan mink, veiðimennirnir veiða hann í sjálfboðavinnu um verið vegna þess að annars étur hann þær tegundir sem sem þeir ætla að veiða sjálfir um haustið. Í Finnlandi eru stundaðar itarlegar rannsóknir á skaðsemi minks í finnska skerjagarðinum. Í stuttu máli hefur komið í ljós að hann hefur mikil áhrif á afkomu andartegunda (t.d. skúfönd og korpönd) og minni sjöfugla s.s. teistu.

Til gamans má geta að upphaflega ætlaði ég að fara í byrjun maí en Finnunum leist ekki á það þar sem skotveiði á æðarfugl hefst 1. maí og einnig er bannað að veiða mink frá 1. maí til 31. ágúst. Þó er minkurinn innflutt tegund og hefur valdið skaða í náttúrunni líkt og hér. En það eru eru evrópusambandsreglur sem banna veiðar á spendýrum á meðan þau eru með ungvíði.



ÁKI ÁRMANN JÓNSSON VEIÐISTJÓRI


VEIÐISTJÓRAEMBÆTTIÐ

Mjög góð skil voru á skýrslum frá sveitarfélögum vegna refa- og minkaveiða á árinu 1999. Skil á skýrslum hafa batnað síðustu árin með fækkun og stækkun sveitarfélaga. Hér að neðan eru kostnaðartölur fyrir 1999 og til samanburðar kostnaðurinn 1998 og 1997.

Árið 1999 - tölur frá 1998 og 1997 eru innan sviga:

	Refir			Minkar		
	1999	1998	1997	1999	1998	1997
Veidd dýr	4.478	(3.774)	(3.299)	6.214	(6.539)	(6.156)
Vinnustundir	17.004	(15.085)	(15.295)	13.378	(14.189)	(13.693)
Eknir km.	46.178	(44.555)	(46.801)	66.655	(68.785)	(65.550)
Kostn. millj. króna	45,9	(36,9)	(31,6)	24,3	(25,1)	(21,9)
Kostn. pr. veitt dýr	10.250	(9.777)	(9.579)	3.911	(3.839)	(3.558)
Vinnustundir pr. veitt dýr	3,8	(4,0)	(4,6)	2,2	(2,2)	(2,2)
Eknir km. pr. veitt dýr	10,3	(11,8)	(14,2)	10,7	(10,5)	(10,6)

Refaveiði 1957-1999



Refaveiðin í ár sló metið frá árinu áður. Með breyttum endurgreiðslureglum hafa skil á skottum batnað og verður fróðlegt að sjá hver þróunin verður á næstu árum. Þegar breytingin átti sér stað voru margir sem héldu því fram að refaveiðin myndi dragast saman því veiðimönnum þætti eftir litlu að slægjast. En niðurstaðan hefur orðið allt önnur. Þó hafa sum sveitarfélög aukið veiðiálag á refinn og hjá sumum er meðalkostnaður pr. veiddan ref komin upp í 25.000-kr. Veiðistjóri á erfitt með að koma auga röksemdina á bak við þessar fjárhæðir þar sem veiðar á ref eru einungis stund-

aðar til þess að koma í veg fyrir tjón þ.e. að verja æðarvörp eða til þess að uppræta dýrbíta. Það skal tekið fram að refurinn er aðeins í undantekningartilvikum dýrbítur og með breyttum búskaparháttum á þessari öld hefur tjón af hans völdum stórmínkað. Þá vekur einnig athygli áhersla sveitarfélaganna á refaveiðar vs. minkaveiðar en þau verja samtals 46 milljónum í refaveiðar á móti 25 milljónum í minkaveiðar. Ég held að flestir geti verið sammála um það að þetta hlutfall ætti að vera öfugt þar sem refurinn er órjúfanlegur hluti af íslenskrí náttúru en minkurinn nýlega innflutt tegund.

Minkaveiðin er svipuð en líklegt er að hún stefni í nýjan topp á næstu árum. Í þeim tilraunum okkar að halda minkastofninum niðri erum við í besta falli á skipulögðu undanhaldi, í versta falli er stríðið tapað með núverandi aðferðum. Embættið hefur nú fengið fjárveitingu upp á 3 milljónir til þess að prófa og þróa nýjar veiðiaðferðir á minkinn og

munu þær prófanir hefjast nk. sumar. Einnig er orðið tímabært að taka saman þau áhrif sem innflutningur minksins hefur haft á íslenska náttúru. T.d. hefur komið í ljós í rannsóknnum á afföllum rjúpu að minkurinn er valdur að meiri afföllum hennar yfir veturinn en menn höfðu gert ráð fyrir.

Minkaveiði 1957-1999



SÉRVERSLUN SKOTVEIÐIMANNSINS



Bildshöfða 12 • Reykjavík • sí: 567-5333 • f: 567-5313

Argötu 14 • Húsavík • sími: 464 - 1009 • fax: 464 - 2309

FÉLAGSKERFI GRÁANDA AÐ VETRARLAGI



ARNPÓR GARÐARSSON LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS

Inngangur

Endur af ættkvíslinni Anas kallast venjulega einu nafni grændur, en á síðari árum nefna ýmsir þær busl-
endur. Sumar tegundir gráanda eru meðal mikilvægustu veiðifugla á norðurhveli og hafa þær mikið verið rannsakaðar. Meðal annars hafa farið fram ítarlegar rannsóknir á atferli þeirra, fæðuháttum og stofn-
vistfræði. Þekkingin á gráöndum er á því stigi að hægt er að spyrja mjög afmarkaðra spurninga.

Algengustu tegundir gráanda hér á landi eru stökkönd, rauðhöfðaönd og urtönd. Þær lifa mest á jurtafæðu, en varpfuglar og ungar nýta einnig ýmis smádýr, svo sem mýflugur og önnur vatnaskordýr. Dýrafæða er reyndar lífsnauðsynleg fyrir andarunga og rannsóknir við Mývatn, sem staðið hafa sleitulaust frá 1975, sýna að fjöldi andarunga

að haustinu ákvarðast nær einvörðungu af framboði á næringarríkri fæðu, oftast í formi mýflugna og krabbadýra. Fæðuframboðið virðist einnig ákvarða þann fjölda fullorönnna anda sem snýr aftur til varpstöðvanna næsta sumar.

Áhrif fæðu og atferlis á fjölda anda

Rannsóknir á rauðhöfðaönd við Mývatn hafa gefið mikilvægar vísendingar um hvernig fæðan ákvarðar fjölda anda á varpstöðvum. Rauðhöfðinn er algengasta gráöndin á Mývatni og víðast hvar norðanlands. Hann er sérstakur að því leyti að hægt er að greina steggi á fyrsta ári frá eldri fuglum á löngu færi. Með árlegum talningum og með því að tengja saman niðurstöður talninga og merkinga, hefur komið í ljós að atferli kvenfugla ræður

því hvernig stofnstærðin breytist á varpstöðvunum. Tvö atriði eru einkum mikilvæg: Í fyrsta lagi virðist fuglinn meta afkomulíkur næsta árs á varpstöðvum út frá fæðuskilyrðum (magni myflugna) síðsumars. Í öðru lagi virðist makaval kvenfuglsins (sem á sér stað á vetrarstöðvunum) ráðast af fæðuskilyrðum á varpstöðvunum sumarið á undan.

Kvenfuglar rauðhöfða og flestra annarra gráanda sýna mikla átt-hagatryggð, en steggirnir eru hins vegar flökkugarnir. Eftir varp skiljast kvenfuglar og steggir að og kynin eru aðskilin fram eftir hausti. Parmyndun verður svo á ný á vetrarstöðvunum í Vestur-Evrópu, en þar koma saman fuglar frá varpstöðvum sem ná frá Íslandi austur til Mið-Síberíu. Endurheimtur merktra fugla sýna að fuglar af báðum kynjum halda tryggð við vetrarstöðvarnar, kvenfuglarnir koma næstum alltaf á sömu varpstöðvarnar að vorinu, en mikið af steggjunum fer annað. Kvenfuglinn ræður því hvert parið fer um voridd.

Til þess að gera langa sögu stutta má segja að endur séu aðlagðar að breytilegum og óstöðugum skilyrðum til varps og ungauppeldis. Val maka og varpstöðva er mikilvægt í því að auðvelda kvenfuglin-

um að skilja sem flest afkvæmi eftir sig. Þessar atferlisvaranir, sem gerast bæði á varpstöðvum og vetrarstöðvum, eru undirstaða þess að stofninn framleiði nógu marga einstaklinga á hverju ári til þess að koma í stað dauðsfalla, þ.e.a.s. að viðhalda stofninum. Skynsamleg nýting og umönnun andastofna þarf að grundvallast á rannsóknum sem taka mið af fremur flóknum bakgrunni, meðal annars lífsskilyrðum á varpstöðvum og vetrarstöðvum, atferli, og dauðsföllum, hvort sem þau stafa af veiði eða öðrum orsökum.

Athuganir á atferli gráanda að vetrinum

Þrjár gráandartegundir hafa vetursetu hérlendis: stökkönd, sem er að mestu staðfugl, rauðhöfðaönd og urtönd, en þær eru annars að mestu farfuglar. Á þessu stigi er reynt að fylgjast með þörunaratferli gráanda að haustinu og á vetrarstöðvum hérlendis. Aðallega eru notaðar beinar athuganir en einnig hafa verið gerðar tilraunir með notkun radiósenda sem festir eru á stél-fjadrir andanna. Athugunarsvæðið er Innnes, nánar tiltekið strandlengjan frá Leiruvogi í Mosfeilsbæ að Álftanesi, en nokkrar athuganir hafa verið gerðar á Suðurnesjum um

miðjan veturinn. Fylgst var með atferli rauðhöfða á Mývatni seinni hluta ágúst 1997 til að kanna hvort þörun hæfist hugsanlega á varpstöðvum að haustinu. Einnig er könnuð tímanýting þriggja tegunda, rauðhöfða, stökkandar og urtandar, við mismunandi aðstæður. Þessar þrjár tegundir eru allar hér á norðurmörkum útbreiðslu sinnar að vetrinum. Hér er spurt um hvað takmarkar útbreiðslu þessara tegunda að vetrinum og hvaða hlutar stofnsins eru líklegastir til vetrardvalar, með samanburði við athuganir sunnar á hnettinum.

Erlendar rannsóknir á öðrum gráöndum, svo sem gargönd og grafönd, hafa sýnt að mismunur er á tegundum með tilliti til tímasetningar þörunar, fæðuaterlis og þess tíma sem kyn og aldurshópar eyða í mismunandi atferli, svo sem fæðuöflun, félagslíf, hvíld, snyrtingu og árvekni. Fæðuval og fæðuöflunaraðferðir hafa sennilega áhrif á tímasetningu þörunar hjá öndum, en margt fleira kemur til.

Endurnar byrja að para sig um það leyti sem steggirnir skipta um fiður og fara úr felubúningnum í skrautbúning. Stökkandarsteggir

eru fyrstir að komast í skrautbúninginn, í september, fullorðnir rauðhöfðar í október og urtandarsteggir reka lestina, í nóvember. Rauðhöfðasteggir á fyrsta ári eru sumir mjög lengi að komast í skrautbúning og eru enn skáladaðir á skrokkinn fram í apríl. Tímasetning þörunar er metin út frá hlutfalli paraðra kvenfugla. Hjá stökkönd fer þetta hlutfall úr 5% í 70% í október. Rauðhöfði og urtönd eru seinna á ferðinni og dreifist þörunin yfir allan veturinn. Þörunin hefst í október, seint í október eru 40% paraðar og um áramót eru 50-60% paraðar. Í lok apríl eru um 80% kvenfugla allra þriggja tegundanna paraðar. Um þetta leyti er mikið komið af rauðhöfðaöndum á Mývatni og þær eru næstum allar paraðar.

Þetta verkefni felur í sér samanburð við rannsóknir á sömu eða skyldum tegundum erlendis, svo og samanburð á félagskerfi farstofna og staðbundinna stofna. Stökkönd er sérstaklega áhugaverð í þessu sambandi, því að mikið er til af upplýsingum um þörunaratferli hennar annars staðar. Gert er ráð fyrir að þessari rannsókn ljúki síðla árs 1999 með ítarlegri ritgerð.

HRAFNA Í ÞINGEYJARSÝSLUM



MARÍA HARÐARDÓTTIR OG ÓLAFUR K. NIELSEN NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Hrafnninn er útbreiddur varpflug og með þekktustu fuglum þessa lands en umdeildur. Hann hefur aldrei notið friðunar af nokkru tagi og lengi verið ofsóttur. Samkvæmt lögum er heimilt að skjóta hrafna, eyðileggja hreiður þeirra, tortíma eggjum og drepa unga. Deilur hafa staðið um réttmæti hrafnaveiða og hvort stofninn sé nógu sterkur til a standast þá veiði sem er stunduð. Um 1985 var stofninn áætlaður um um 13.000 fuglar að hausti. Skipuleg skráning á hrafnaveiði hófst ekki fyrr en 1995 með tilkomu veiðikortakerfisins. Veiðitölur sýna að á árunum 1995-1997 féllu 6.000-7.000 hrafnar á ári fyrir hendi veiðamanna. Það er ljóst að miðað við áætlaða stofnstærð nemur skráð veiði meira en áætlaðri viðkomu og því ætti hrafnastofninn að fara minnkandi.

Hugsanlegt er þó að stærð stofnsins hafi verið vanmetin fyrr á árum og einnig má vera að veiði sé ofskráð í skýrslum veiðimanna til Veiðistjóra.

Með því að fylgjast með ábúð hrafna á hrafnsóðulum á afmörkuðu svæði yfir langt tímabil má fá vísendingar um breytingar á stærð varpstofnsins. Ábúð á hrafnsóðulum í Þingeyjarsýslum var könnuð árlega á árunum 1981-1998, samhliða rannsóknunum á fálkum. Rannsóknarsvæðið er 5.327 km² og þar er þekkt samtals 141 hrafnsóðal. Á hverju ári var hluti óðalanna heim sóttur á tímabilinu maí-júlí og við hverja heimsókn var leitað að verksummerkjum eftir hrafna. Veiðikortasjóður styrkti úrvinnslu gagnanna sem sófnuðust í heimsóknunum.

Gögn um ábúð á hrafnsóðulum voru notuð til að framreikna stærð varpstofns hrafna á svæðinu á hverju ári. Úrtakið var að öllu jöfnu stórt eða að meðaltali 61% af þekktum setrum ár hvert (21-89%). Auk þess að reikna stærð varpstofns var heildarungaframleiðsla metin fyrir hvert ár. Nákvæm gögn liggja fyrir um fjölda eggja og unga í hreiðri og varpárangur fyrir tímabilið 1981-1985. Varpárangur er hér skilgreindur sem hlutfall þeirra para sem reyna varp og koma upp ungum. Til að reikna ungaframleiðsluna 1986-1998 var miðað við meðalfjölda fleygra unga á hvert óðal í ábúð á árunum 1981-1985. Gögn um veiði hrafna í Þingeyjarsýslum eru tvenns konar, annars vegar var byggt á veiðitölum Inga Yngvasonar frá tímabilinu 1981-1998 og hins vegar skráðri veiði annarra veiðimanna 1981-1991. Leitað var svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hafa orðið marktækar breytingar á stærð hrafnastofnsins á rannsóknartímanum?
2. Hefur hlutfall varppara í stofninum breyst?
3. Hefur veiðiálag breyst?

1. Breytingar á stofnstærð

Á árunum 1981-1998 voru að meðaltali skoðuð 86 óðul á ári, fæst 29 og flest 126 óðul. Óðalsbundnir hrafnar voru flestir í upphafi athugunartímans og framreiknuð gögn sýna að árið 1981 voru 88 óðul í ábúð eða sem samsvarar 60% óðala. Í lok tímans voru 58 óðul í ábúð eða 40% óðala (1. mynd). Munurinn er mjög marktækur og nemur fækkunin um 31% eða að jafnaði 2,1% á ári. Miðað við þessa fækkun helmingast hrafnastofninn á svæðinu á 32 árum.

Um allt athugunarsvæðið má finna óðul sem hafa ekki verið notuð í mörg ár samfellt og eru því komin í eyði. Sum svæði virðist koma verr út en önnur og má þar nefna svæðið umhverfis Mývatn og öræfin austur af vatninu þar sem nánast öll óðul eru í eyði. Í Ljósavatnsskarði, Kinn og Fljótsheiði er einnig áberandi hve mörg óðul hafa fallið úr ábúð.

2. Hlutfall varppara og ungaframleiðsla

Hlutfall varppara á óðulum í ábúð var nokkuð stöðugt á athugunartímanum eða að meðaltali 85% (74-100%). Á árabílinu 1981-1985 var fylgst með varpárangri en ekki eftir það. Að meðaltali misfórst varp

í 20% tilfella og í 88% þeirra tilvika af mannavöldum. Áætluð ungaframleiðsla á athugunarsvæðinu féll um 40%, úr um 200 ungum í um 120 unga.

3. Veidiálag


Á árunum 1988-1991 náði hrafnaverði í Þingeyjarsýslum hámarki en þá voru veiddir 200-400 hrafnar á ári. Árin þar á undan var heildarveiðin á bilinu 100-200 fuglar. Veiði Inga Yngvasonar jókst að meðaltali um 24% á ári á árunum 1981-1991 en ef veiðitölum annarra veiðimanna er bætt við og sama tímabil skoðað, jókst veiðin að meðaltali um 14% á ári. Frá og með 1992 eru einungis tiltækar veiðitölur Inga og þær sýna kyrrstöðu eða hæga aukningu á tímabilinu 1992-1998, eða að meðaltali um 1% á ári. Skráð hrafnaverði í Þingeyjarsýslum hefur um árabil numið meiru en áttaðri ungaframleiðslu á svæðinu.

Niðurstöður talninga á árunum 1981-1998 sýna hæga, en jafna og stöðuga fækkun hrafna á rannsóknarsvæðinu. Nærtækasta skýringin á fækkuninni er ofveiði og sem dæmi um ástandið má nefna að frá um 1990 hefur veiði eins manns í Mý-

vatnssveit numið meiru en sem samsvarar allri ungaframleiðslu rannsóknarsvæðinu. Það kemur því ekki á óvart að hröfnum er að fækka í Þingeyjarsýslum.

Fækkun hrafna getur haft neikvæð áhrif á aðrar lífverur og er þá helst að nefna fálkann. Rannsóknir á fálkum í Þingeyjarsýslum á árunum 1981-1996 leiddu í ljós að 52% fálkahreiðra voru hrafnslaupar. Með fækkun hrafna hefur það gerst að sum fálkapör finna sér ekki hentuga hreiðurstaði. Ekki hefur verið rannsakað hvort fækkun hrafna í Þingeyjarsýslum hafi haft jákvæð áhrif á dýrastofna þar, t.d. á varpafkomu ýmissa andategunda eins og virðist stefnt að með mikilli veiði í Mývatnssveit.

Samkvæmt lögum nr. 64/1994 eru villt dýr friðuð, en ákvörðun um að aflétta friðun byggist á því að viðkoma stofns sé nægileg til að vega upp á móti afföllum vegna veiðanna og að með veiði sé verið að nytja verðmæti í kjöti eða öðrum afurðum. Einnig er heimilt að taka tillit til þess hvort viðkomandi dýr valdi tjóni. Veiðar á hröfnum sem stundaðar eru án tillits til ofangreindra þátta eru því ekki í anda laganna. Í Þingeyjarsýslum er ljóst að viðkoma hrafnastofnsins vegur



Allt til útivistar

**Gönguskór,
margar gerðir
Legghlífar
Bakpokar
Svefnpokar
Hitabúrar
Áttavitar
ofl.**


66°N
VERSLANIRNAR

Faxafléttu 12 • 108 Reykavík • S: 588 6600 / Glerárgötu 32 • 600 Akureyri • S: 461 3017

ekki upp á móti afföllum vegna veiða og því er full ástæða til að staldra við. Sú spurning vaknar hvort fækkun hrafna sé bundin við Þingeyjarsýslur einar eða eigi sér stað víðar líkt og tölur úr skýrslum Veiðistjóra gefa til kynna. Það er álit höfunda að það fyrirkomulag sem er á hrafnaveiði í dag standist ekki til frambúðar heldur að þörf sé á að takmarkaða veiðar á einhvern hátt.

Einn möguleiki væri að hrafnaveiðar væru eingöngu heimilaðar þar sem hrafnar valda sannanlega tjóni, svo sem í æðarvörpum og andavörpum, eins og við Mývatn. Einnig mætti binda veiðheimild við þann árstíma þegar hrafnar eru helst til óskunda, þ.e. að menn geti varið varplönd um varptíma, apríl-júlí, en að hrafnar hefðu frið á þessum svæðum á öðrum tíma árs.

Hrafnsóðul í ábúð



Ábúð hrafnsóðala í Þingeyjarsýslum árin 1981—1998

Allt til skotveiða

SJÓBÚÐIN ehf.
LAUFÁSGATA 3 - 600 AKUREYRI - Sími 462 6120

Remington Beretta EXPRESS S&W thisar S&W

HULL CARTRIDGE


Allt fyrir veiðimanninn!
Haglabyssur, rifflar, skot, camófatnaður, leirdúfur og leirdúfukastarar, felunet, byssutöskur, byssuólar, skotbelti, o.fl., o.fl.
Góðvara - gott verð

Hull skotin hafa reynst frábærlega vel til gæsa-, rjúpna-, og svartfuglsveiða.

Sendum í póströfu um land allt.

Sportbúðin Títan ehf.
Seljavegi 2, 101 R.vík. S: 551-6080

Skipting landsins í sex veiðisvæði



Svona lítur veiðiskýrslan út fyrir árið 2000

	VE	VF	NV	NE	AU	SU	SAMT:
Svartbakur							
Sílamáfur							
Silfur máfur							
Hrafn							
Grágæs							
Heiðagæs							
Fyll							
Dílaskarfur							
Toppskarfur							
Blesgæs							
Helsingi							
Stökkönd							
Urtönd							
Rauðhöfðaönd							
Duggönd							
Skúfönd							
Hávella							
Toppönd							
Hvít máfur							
Hettumáfur							
Rita							
Álka							
Langvía							
Stuttnefja							
Teista							
Lundi							
Rjúpa							
Kjói							
Refur							
Minkur							
Hreindýr							



VARSLA SKOTVOPNA OG SKOTFÆRA

Ríkislögreglustjórinn vekur athygli á 23. gr. vopnalaga um vörslu skotvopna og skotfæra. Þar segir m.a.: „Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun skulu skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd í aðskildum og læstum hirslum.“

Í 33. gr. reglugerðar um skotvopn, skotfæri o.fl. segir: „Ef einstaklingur á fleiri en þrjú skotvopn er honum skylt að geyma þau í sérbúnum vopnaskáp sem samþykktur er af lögreglustjóra.“

Skotveiðimenn!

Sýnum gott fordæmi í meðferð skotvopna og fylgjum reglum.

Ríkislögreglustjóri

Syningfella minkagildirur



- Hættulausar hundum og köttum
- Einnig refagildirur og músagildirur.
- Lyktarefni fyrir mink og ref.

Veiðitæki Akureyri - Sími: 855 2329 & 462 2229



Hversu mikið metur þú líf þitt?



*Er þess virði að vera án **Garmin GPS?***



R. SIGMUNDSSON

S: 520 0000 • r.sigmundsson@rs.is • www.rs.is

Fæst í öllum helstu útivistarverslunum

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals

GPS tæki

MAGELLAN

SPOR I RETTA ÁTT

Úrval GPS tækja í hendi, bíla og báta.

Bjóðum tæki á íslensku með land- og sjókort í lit.

Norðrúpólsfarnir völdu Magellan GPS.



CB talstöðvar

13.900 kr

Litlar og kröftugar
„Öskubakkastærð“



Handstöðvar

Micro 430

Draga 3-5 km auk
69 löglegar rásir + skanni
Einfaldar í notkun
Upphringitönn
Litlar (minni en GSM)
Standast íslenskar aðstæður
Engin rekstrargjöld
Sparar GSM símtöl

Mæðfylgjandi aukahlutir:

Hleðslutæki
Hlaðanlegar rafhlöður
Hulstur fyrir AAA rafhlöður
Hlíðartaska
Beltisfesting

Fánlegir aukahlutir:

Hljóðnemi í eyra
Raddstýrður hljóðnemi
Auka hleðslurafhlöður ofl.

Verð: 15.900 kr stk

Liberty

(einfaldari gerð)



15.900 kr
parið

AUKARAF

Verzlun · Verkstæði · Skeifan 4 · Sími 585 0000 · www.aukaraf.is

Veðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullu. kvk ung. kvk fullu. samtals

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals



Beretta
dal 1526




SIMMONS

BRNO ARMS



HOPPE'S



ÍSNES HF.

Höfðabakka 9c
112 Reykjavík
Sími: 587-9090
Fax: 587-9590

VEIÐITÖLUR

	1995	1996	1997	1998
Svartbakur	35.787	32.785	29.738	32.227
Sílamáfur	22.340	22.390	27.257	33.752
Silfur máfur	5.998	4.798	4.881	7.856
Hrafn	7.119	6.653	5.987	5.524
Grágæs	35.350	37.657	41.028	37.289
Heiðagæs	10.695	12.182	14.639	15.222
Blesgæs	3.237	2.947	3.185	3.242
Helsingi	1.876	1.619	2.619	2.262
Stökkönd	9.885	11.467	10.575	10.892
Urtönd	1.033	1.377	1.207	1.091
Rauðhöfðaönd	684	704	626	666
Duggönd	101	173	232	86
Skúfönd	126	70	158	196
Hávella	2.022	1.860	1.510	1.429
Toppönd	488	757	672	665
Hvít máfur	3.942	4.546	3.771	3.187
Hettumáfur	2.958	2.696	2.853	2.279
Rita	1.371	1.461	2.324	1.433
Dílaskarfur	2.550	2.975	2.678	1.789
Toppskarfur	5.128	6.499	4.410	2.247
Fyll	8.059	8.920	10.093	8.661
Álka	18.461	27.573	20.708	24.856
Langvía	52.867	65.099	59.031	64.195
Stuttnefja	15.114	20.479	15.339	18.146
Teista	3.424	4.077	3.932	3.814
Lundi	215.517	232.936	184.664	153.748
Rjúpa	123.392	157.900	165.337	157.118
Kjói	2.617	2.292	1.993	1.749
Refur	3.677	3.535	3.927	4.470
Minkur	6.341	6.693	7.995	7.748
Hreindýr	329	359	260	300
Súluungar	707	994	636	686

HVER GÆTIR HAGSMUNA ÞINNA?



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS

Laugavegi 103, 4. hæð, 105 Reykjavík. sími. 551 4574 bréfsími. 551 4584
Skrifstofan er opin þriðjudaga og fimmtudaga frá 13-17

SKYLDUR SKOTVEIÐIMANNA



Sigmar B. Hauksson
formaður Skotveiðifélags Íslands

Það eru mikil forréttindi að stunda skotveiðar í íslenskrri náttúru. Vissulega er fána veiðidýra fábreytt en náttúran er stórbrotin. Veiðiferðir hér á Íslandi eru því svo miklu meira en sjálf veiðin. Flestar veiðiferðir kosta mikil ferðalög, veðurfar er hér afar breytilegt svo ekki sé meira sagt. Veiðimaðurinn þarf að þekka vel til staðhátta og hegðunar bráðarinnar ef árangur á að nást. Skotveiðar á Íslandi eru því meira krefjandi en í nágrennalöndum okkar. Það sem íslenskir skotveiðimenn hafa fram yfir veiðimenn víðast hvar annars staðar, alla vega í Evrópu og Ameríku, er frelsið. Hér eigum við kost á því að vera nánast einir við veiðar úti í náttúrunni og það er stórkostleg tilfinning. Skyldur okkar íslenskra skotveiðimanna eru fyrst og fremst við náttúruna sjálfa. Eftirlit stjórnvalda er lítið og leggur það vitaskuld meiri ábyrgð á herðar okkar, okkur ber skylda að fylgja landslögum og ekki síst siðalögmálum sjálfra náttúrunnar. Við eigum að taka með okkur til byggða notuð skothylki - okkar og annarra - um þetta hljótum við öll að vera sammála.

Þeir veiðimenn sem nota hálfsjálfvirkar haglabyssur við veiðar eiga alltaf að hafa pinnann í þeim á veiðum. Er ekki allir sammála um þetta? Jú, líklegast, en of margir falla í þá freisti að taka pinnann úr byssunni og eiga með því kost á að skjóta allt að fimm skotum á eftir bráðinni. Að vel athuguðu máli ættum við öll að vita hvaða afleiðingar það hefur. Hættan er auðvitað sú að fuglarnir særast og sleppi frá veiðimanninum. Sumir þessara fugla drepast á kvalarfullan hátt á tiltölulega löngum tíma, aðrir þurfa að hafa höglín í líkama sínum það sem eftir er ævinnar. Það er skilyrðislaust lögbrot að hafa ekki pinnann í við veiðar með hálfsjálfvirkri haglabyssu. Það er brot á siðalögmálum allra sannra veiðimanna og glæpur gagnvart náttúrunni. Ég trúi því ekki að nokkur hugsandi veiðimaður vilji særa bráðina að óþörfu og valda henni kvölum. Skotveiðimenn, tökum okkur nú á í þessum efnum. Tökum með okkur notuð skothylki til byggða - okkar og annarra - og höfum pinnann alltaf í hálfsjálfvirkum haglabyssum við veiðar.

FRÍDLÝST SVÆÐI

Náttúrvernd ríkisins




Náttúrvernd ríkisins vekur athygli veiðimanna á því að hér á landi eru alls 82 fríðlýst svæði og eru 79 þeirra fríðlýst samkvæmt náttúrverndarlögum og 3 með sérilögum. Á fríðlýstum svæðum, sem skipt er í þjóðgarða, fríðlönd, náttúruvætti, fólkvanga og önnur svæði, gilda sérstakar reglur og er hin almenna regla að veiðar eru þar óheimilar. Á eftirtöldum svæðum eru allar veiðar bannaðar nema annars sé getið. Nánari upplýsingar um svæðin er að finna í viðeigandi auglýsingum í B-deild Stjórnartíðinda eða á skrifstofu Náttúrvernd ríkisins. Sérstök athygli veiðimanna er vakin á því að í þeim tilfellum sem veiðar eru heimilar á fríðlýstum svæðum ber ávallt að afla leyfis landeigenda.

<i>Svæði</i>	<i>Augl.nr.</i>	<i>Athugasemdir</i>
<i>Suðvesturland</i>		
Ástjörn	189/1978	
Ástjörn og Ásfjall	658/1996	
Borgir	269/1981	
Eldey	119/1974	
Grötta	13/1984	
Hamarinn	188/1984	
Tröllabörn í Lækjarbotnum	294/1983	Fuglaveiðar eru óheimilar
Valhúsahæð	81/1998	
Varmárósar	506/1987	
Víghólar	778/1983	
<i>Vesturland</i>		
Blautós og Innstavgosnes	166/1999	Fuglaveiðar bannaðar
Búðahraun	357/1979	
Geitland	283/1988	
Hraunfossar og Barnafoss	410/1987	
Húsafellsskógur	217/1974	
Melrakkaey	118/1974	
Ströndin við Stapa og Hellna	284/1988	Fuglaveiðar óheimilar
<i>Vestfirðir</i>		
Flatey	395/1975	bændum er heimilt að bæjga frá vargi.
Hornstrandir	332/1985	
Hrísey	425/1977	Meindýraveiðar til varnar aðvarpari eru heimilar
Vatnsfjörður	96/1975	Fuglaveiðar eru bannaðar nema með sérstöku leyfi.

<i>Norðurland Vestra</i>		
Hrútey í Blöndu	521/1975	Meindýraveiðar eru heimilar með leyfi bæjarstjórnar Blönduósbæjar.
Miklavatn	29/1977	Eyðinga meindýra er heimil
Spákonufellshöfði	444/1980	
<i>Norðurland Eystra</i>		
Böggvissstaðafjall	432/1994	Rjúpnaveiðar eru heimilar
Dettifoss, Selfoss og		
Hafragilsfoss	457/1996	landeigendum er heimilar dýraveiðar
Fríðland í Svarfaðardal	443/1980	Fuglaveiðar eru óheimilar
Herðubreiðarfríðland	272/1974	Meindýraveiðar bændu eru heimilar
Jökulsárgljúfur	359/1993	
Vestmannavatn	30/1977	Eyðing meindýra er heimil
<i>Austurland</i>		
Dima í Lóni	523/1975	
Esjuhöll í Breiðamerkurjökli	188/1978	
Fólkvangur Neskaupstaðar	333/1972	Eyðing meindýra er heimil með leyfi náttúrverndarnefndar Neskaupstaðar.
Hólmanes	393/1973	Meindýraveiðar til varnar aðvarpari eru heimilar.
<i>Hvannalandir í Krepputungu</i>		
Ingólfsstöfði	32/1973	
Kringilsárrani	388/1978	
Lónsöræfi	524/1975	
Ósland	31/1977	Veiðiréttur landeigenda er óbreyttur
	427/1982	Eyðing meindýra er heimil skv. ákvörðun stjórnar fólkvangsins
Salthöfði og Salthöfðamýrar	249/1977	Eyðing meindýra er heimil
Skaftafell	319/1984	
Skurður	513/1995	ábúanda er heimil hlunnindanýting
<i>Suðurland</i>		
Dyrhólaey	101/1978	Hlunnindanýting bændu er heimil.
Dverghamrar	446/1987	
Gullfoss	141/1979	
Herdisarvík	121/1988	
Oddaflóð	634/1994	Fuglaveiðar eru bannaðar
Pollengi og Tunguey	457/1994	Fuglaveiðar eru bannaðar
Skógafoos	477/1987	
Surtsey	122/1974	skot bönnuð nær eyinni en 2 km
Pingvellir	Lög 59/1928	Meindýraveiðar eru heimilar
Þjorsárver	507/1987	

Friðlýst svæði



Kæru veiðimenn

Þann 1. júlí 1999 tóku ný lög um náttúruvernd gildi (nr. 44/1999). Meðal þess sem breytt hefur verið frá eldri lögum er að almannaréttur hefur verið rýmkaður. Um almannarétt, umgengni og útvist er fjallað um III. kafila laganna og meðal annars vegna þessa hvetur Náttúruvernd ríkisins veiðimenn til þess að kynna sér ný Náttúruverndarlög.

Þrátt fyrir ný lög um náttúruvernd þá er reglugerð um akstur í óbyggðum frá 1. október 1998 enn í fullu gildi.

Ástæða þess að sérstök reglugerð er sett um bann við akstri utan vega er sú að íslensk náttúra er verðmæt auðlind sem taka verður tillit til. Gáleysisleg umgengni og átroðningur er líklegri til þess að valda meiri spjöllum hér á landi en í flestum öðrum löndum m.a. vegna norðlægrar legu landsins. Aðrir þættir sem ráða eru að hér er jarðvegur ríkur af ösku, vikri og öðrum áfoksefnum og því auðrofinn þar sem hann er grófur og laus í sér. Einnig að á hálendinu einkennist gróðurþekjan af mosaríku sverði þó þar megi finna gisinn háplöntugróður. Gróðurlendi sem þessi eru afar viðkvæm fyrir átroðningi, láta fljótt á sjá og eru lengi að gróa upp.

Kær kveðja, Náttúruvernd ríkisins

REGLUGERÐ um akstur í óbyggðum.

1.gr.

Öllum er skylt að sjána varúð svo að náttúru landsins sé ekki spilt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmeætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

2.gr.

Allur akstur utan vega og merktra slóða þar sem náttúruspjöll geta af hlotist er bannaður. Með náttúruspjöllum er meðal annars átt við spjöll á gróðri, jarðvegi og

*jarðmyndunum, myndun nýrra slóða, hvort sem er á grónu landi, þar með töldu mosavöxnu landi, eða ógrónu og skiptir ekki máli hvort líkur eru á varanlegum skaða eða tímabundnum.
Á friðlýstum svæðum gilda auk þess séraksturði um friðlýsingarákvæði.*

3. gr.

Nauðsynlegum akstri utan vega í óbyggðum skal jafnan hagað svo að engin náttúruspjöll eða lýti á landi hljóti af. Með nauðsynlegum akstri utan vega er átt við akstur vegna rannsókna, björgunarstarfa og þess háttar. Við undirbúning ferðaáætlanar skal haft samráð við Náttúruvernd ríkisins sem getur sett skilyrði varðandi tækjabúnað og leiðaval. Tilkynna skal fyrirfram um akstur til viðkomandi sýslumanns eða lögreglustjóra. Um nauðsynlegan fyrirvaralausan akstur utan vega skal tilkynna til viðkomandi sýslumanns við fyrsta tækifæri.

4.gr.

Náttúruvernd ríkisins getur í verndarskyni takmarkað umferð tímabundið eða lokað svæðum í óbyggðum enda hafi stofnunin að jafnaði gert grein fyrir fyrirhugaðri lokun í skýrslu til umhverfisráðherra. Slíkar reglur skal umhverfisráðherra staðfesta og birta í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Náttúruvernd ríkisins og vegamálastjóri gefa út kort, m.a. á vorin, með upplýsingum um ófærð á vegum og hvar óheimilt er að aka og á hvaða tímabili.

6. gr.

Brót gegn reglum þessum varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 16. gr. laga nr. 93/1996 um náttúruvernd, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 1. október 1998.

Guðmundur Bjarnason

Happdrætti

Þann 4. febrúar var dregið úr þeim 6.658 veiðiskýrslum sem höfðu borist embættinu fyrir 1. febrúar. Eftirtaldir aðilar höfðu heppnina með sér.

1. verðlaun.

Magellan GPS staðsetningartæki frá Aukaraf

Hafþór Smári Gylfason

Sunnuvegur 11
545 Skagaströnd

2. verðlaun.

Skotveiðar í íslenski náttúru e. Ólaf E. Friðriksson

Árni Sigurlaugsson

Villingardal
601 Akureyri

J. Vilhjálmsson
Byssu- og Skeftismiði
Nordurstigur 3a, 101 R.vík Sími 561 1950 Fax 561 1952

Málsmiði
Hnifasmíði og brýnsla
Sérþöntun á varahlutum
Byssur á söluskrá
PECAR handsmiðaðir þýskir sjónaukar

Almennar byssuviðgerðir
Byssu- og Skeftismiði
Blámun
Málgröftur

Sérmenntaður skotvopnasmíður með diploma í byssu- og skeftismiði frá einum virtasta skóla í veröldinni Ecole d'Armurerie í Liege í Belgíu.

www.simmet.is/foki • E-mail: j.vilhjalms@isihoff.is

3 - 7. verðlaun.

Íslenskur fuglavisir e. Jóhann Óla Hilmarsson

Eyjólfur Gunnarsson

Sjávargötu 7 • 225 Bessastaðahr.

Ragnar Smári Ólafsson

Háuborg • 600 Akureyri

Stefán Karl Pétursson

Berjarima 11 • 112 Reykjavík

Jóhann Bjarki Ragnarsson

Hátúni 20 • 230 Keflavík

Guðmundur M. Loftsson

Illugagötu 9 • 900 Vestmannaeyjar

8 - 20. verðlaun.

Áttaviti

Gestur Helgason

Reykjabyggð 45 • 270 Mosfellsbær

Ástvaldur Elisson

Hofakri • 371 Búðardalur

Bjarni Guðmundsson

Marbakka 12 • 740 Neskaupst.

Gísli Guðbrandsson

Kleppsvegi 138 • 104 Reykjavík

Sveinn Steingrímsson

Grundargata 5 • 600 Akureyri

Ólafur Sigurðsson

Stapa • 900 Vestmannaeyjar

Jón Bjarmi Sigurðsson

Austuberg 10 • 111 Reykjavík

Karl Friðrik Garðarsson

Safamyri 17 • 108 Reykjavík

Guðmundur F. Haraldsson

Hlíðarbraut 16 • 540 Blönduós

Ísólfur Þór Pálmarsson

Stigahlið 6 • 105 Reykjavík

Guðmundur Ingi Haraldsson

Bólstaðarhlíð 62 • 105 Reykjavík

Einar Ármannsson

Tjarnarseli 1 • 109 Reykjavík

Haukur Arnórsson

Furubyggð 5 • 270 Mosfellbær

FUGLAMERKI HVAD Á AÐ GERA VIÐ ÞAU?



Fuglar eru merktir með númeruðum málmhringjum/lithringjum/vængnælum til þess að afla upplýsinga um lífnáðarhætti þeirra, ferðir, lífs- lengd og dánarorsök. Á fuglamerkjum er pósthfang merkingastöðvar og rað- tala, sem er tilvísun í upplýsingar um hvar og hvenær fuglinn var merktur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með fuglamerkjum á Íslandi og varðveislu gagna um endurheimtur. Þau 70 ár sem merkingar hafa verið stundaðar hér á landi hafa yfir 400.000 fuglar verið merktir. Aðeins örlitill hluti merkjanna kemur aftur í manna hendur og ræðst árangur fuglamerkinga af góðri samvinnu við finnendur. Upplýsingar sem ekki rata til réttara aðila koma engum að gagni. Þær eru jafn mikilvægar þótt margir merktir fuglar hafi náðst áður á sömu slóðum. Ef þú finnur eða veiðir merkt- an fugl, þá sendu upplýsingar um fuglinn til:

Náttúrufræðistofnun Íslands
Fuglamerkingar
Pósthólf 5320
IS - 125 Reykjavík

Lifandi fuglum við góða heilsu skal sleppt aftur með merkinu á. Á það skal bent að það er enginn glæpur að veiða merktan fugl, það er gert ráð fyrir því að þeir veiðist líkt og aðrir fuglar. En það er mjög mikilvægt að upplýsingum um merкта fugla sé skilað. Þeir sem skjóta merкта rjúpu eru beðnir að senda höfuð fuglsins ásamt merkinu.

Ef fuglinn er merktur með radiósendi þá er nauðsynlegt að fá sendinn aftur því hann er dýrt rannsóknartæki sem er hægt að endurnýta.

Helstu upplýsingar sem þurfa að fylgja eru eftirfarandi:

- (1) frá hvaða landi er merkið (nafn merkingastöðvar),
- (2) númerið á merkinu,
- (3) hverrar tegundar fuglinn er talinn vera,
- (4) hvar fuglinn fannst (á sjó: hnit eða fjarlægð og stefna frá stað),
- (5) hvenær fuglinn fannst (dagsetning),
- (6) ástæður fundar (fundinn dauður, vængbrottinn, var skotinn o.s.frv.),
- (7) nafn, heimilisfang og sími tilkynnanda (og finnanda sé hann annar),
- (8) senda merkið (og helst fuglinn, verði því við komið, hafi hann fundist dauður.

Finnendum eru sendar upplýsingar um hvar og hvenær viðkomandi fugl var merktur.

*Með fyrirfram þökkum fyrir samstarfið,
Náttúrufræðistofnun Íslands
sími 562 9822, símbréf 562 0815*



SPORTVÖRUGERÐIN

Mávahlíð 41 • 105 Reykjavík • sími: 562 8383 • Fax: 562 8382

Haglaskotin

hraðfleygu frá

EXPRESS

Minkabogar!



ELEY

HAGLASKOTIN

Hámarksgæði
Lágmarksverð





Úrdráttur úr lögum um veiðar

Athygli skal vakinn á því að í Lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr.64/1994 er umhverfisráðherra veitt heimild til þess að aflétta friðun á vissum fuglategundum. Á grundvelli þessara laga hefur Umhverfisráðherra gefið út reglugerð um Fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum nr. 456/94.

Fuglafríðunarákvæðið í reglugerð er það ákvæði sem er í gildi hverju sinni. T.d. er heimild í lögum til þess að aflétta friðun á súlu og skúm en er ekki í reglugerð þannig að súla og skúmur njóta friðunar í dag en ungataka súlu er heimil. Einnig er veiðitímabil ýmissa fuglategunda s.s. grágæsa til 31.mars í lögnum en til 15. mars í reglugerðinni og gildir þá sú dagsetning sem er í reglugerðinni. Ef breytingar verða á veiðitímabilum verður það auglýst m.a. á heimasíðu veiðistjóraembættisins www.ni.is

/veidi. Á heimasíðunni er m.a. hægt að sjá myndir af öllum tegundum fugla sem má veiða, stutta lýsingu á þeim, veiðitölur 1995 og ætlaða stofnstærð þeirra.

Öllum þeim sem hafa aflað sér veiðikorts eru heimilar fuglaveiðar í almenningum utan landareigna lögbyla enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni.

Við veiðar er m.a. óheimilt að nota.

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reykt.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fjöls- súlu- og skarfsungum.

4. Net nema háf við lunda-, álku, stuttnefju-, og langvíuveiða. Fugla sem drepast í netum, sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufleka.
7. Fótþoga eða gildirur.
8. Rafbúnað sem getur drepjið eða rotað.
9. Segulbandstæki eða aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Ljósgjafa.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafindataekjum er stækka eða breyta ímyndinni.
14. Sjálfvirk skotvopn svo og handhlaðnar fjölskotabyssur (pumpur) og hálf-sjálfvirk með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.
16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð. Hunda má hins vegar nota til að finna bráð og sækja særða eða dauða bráð.
17. Vélknúin farartæki nema báta á sjó enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílar meðan á veiði stendur.

Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum

eða merktum vegaslóðum. Vélsleðar eru að sjálfsgöðu vélknúin farartæki og falla undir þessa grein. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Óheimilt er að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum. Þar sem eggja- eða ungataka súlu, dilaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvitmafs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis. Þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis.

Veiðar þessar hefjist ekki fyrir en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af **völdum refa er friðun þeirra aflétt á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl.** Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfenaði eða æðarvarpi stafar sein hættta af. **Heimilt er að veiða mink allt árið um allt land** nema á svæðum þar sem allar veiðar eru bannaðar.

Veiðimaður skal skrá alla veiði sína á veiðiarinu og skila veiðiskýrslu árlega á þar til gerðu eyðublaði.

Veðiðir telst vera frá 1. janúar til 31. desember.

Veiðiskýrslu ber að skila þótt veiði-
maður hafi ekkert veitt á árinu.

Skilyrði fyrir endurnýjun veiðikorts er að veiðiskýrslu um veiði síðasta árs sé skilað með umsókn um endurnýjun á veiðikorti. Veiðistjóraembætti er óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá veiði þannig að hægt sé að rekja

saman veiðiskýrslu og veiðimann. Allir fuglar, þar með taldir þeir sem koma reglulega eða flækjast til landsins, eru friðaðir nema þeir sem friðun hefur verið aflétt á eins og sjá má á töflu á bls. 46.

Birt með fyrirvara um breytingar á lögum og reglugerðum.

BYSSUSKÁPAR

Vandaðir byssuskápar á verði fyrir alla

WF-3a 4 byssuskápur • Útarmál: 1.400.300.000 • Verð kr. 29.000,-



WF-5a 7 byssuskápur • Útarmál: 1.600.410.020 • Verð kr. 38.000,-



Allir skápar með læstu innra hófni og uppfylla því kröfu yfirvalda um aðskildar hirstur fyrir vopn og skotfæri. Þriggja punkta vönduð læsing, 3 mm stál.

Magnafsláttur og greiðslukjör við allra hæfi.

Beinn innflutningur frá Þýskalandi og Bandaríkjunum.



Eru börnin þín ein heima með vinum sínum og byssunum þínum?



Söluskrifstofa

Sími: 461 4021 • Fax: 461 4026
Netfang: gagni@centrum.is

agjorn@vob.is

EINSTAKT VERK ÓLAFS E. FRIÐRIKSSONAR

ÍSLENSK NÁTTÚRA Í ÖNDVEGI

BIBLÍA VEIÐIMANNSINS

ÍSLENSKU
Tilnefning

BÖKMENTAVEROLAUNIN



ÍÐUNN

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Agúst	September	Október	Nóvember	Desember	
Tegund													Veiðitími
Svartbakur													Allt árið
Silamáfur													Allt árið
Silfuramáfur													Allt árið
Hrafn													Allt árið
Grágæs													20.08 - 15.03
Heiðgæs													20.08 - 15.03
Fýll													01.09 - 15.03
Dílaskarfur													01.09 - 15.03
Toppskarfur													01.09 - 15.03
Blesgæs													01.09 - 15.03
• Helsingi													01.09 - 15.03
Stökkönd													01.09 - 15.03
Urtönd													01.09 - 15.03
Rauðhöfðaönd													01.09 - 15.03
Duggönd													01.09 - 15.03
Skúfönd													01.09 - 15.03
Hávella													01.09 - 15.03
Toppönd													01.09 - 15.03
Hvitmáfur													01.09 - 15.03
Hettumáfur													01.09 - 15.03
Rita													01.09 - 15.03
Álka													01.09 - 10.05
Langvía													01.09 - 10.05
Stuttnefja													01.09 - 10.05
Teista													01.09 - 10.05
Lundi													01.09 - 10.05
Rjúpa													15.10 - 22.12
Kjói													15.04 - 14.07

ATH! Helsingi er friðaður til 25. sept. í A-Skaftafellssýslu og V-Skaftafellssýslu. Þar er kominn upp litill alislenstur varpstofn sem nauðsynlegt er að taka tillit til.



MESTA ÚRVAL LANDSINS AF SKOTVEIÐIVÖRUM

Vesturröst • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík

Sími: 551-6770 • 581-4455 • 553-3380

VEIÐIKORTAKERFIÐ



Rekstur veiðikortakerfisins gekk vel á seinasta ári. Þó er útlit fyrir að kostnaður við kerfið verði 5.5 - 6 milljónir á ári í framtíðinni en það er lágt gjald að greiða ef á móti koma áreiðanlegar veiðitölur. Það vill oft gleymast að einn aðaltilgangurinn með veiðikortakerfinu er sófnun og úrvinnsla veiðitalna

Ar	Fj. Umsóknna	Útg. veiðikort	Gr. veiðikort	Innkoma	Rekstur
1995	11.572	11.516	11.208	16,8	6,9
1996	12.764	12.664	12.496	18,7	6,9
1997	11.601	11.422	11.202	16,9	6,3
1998	10.871	10.671	10.476	16,7	4,8
1999	10.914	10.655	10.435	16,7	5,5

Á seinasta ári var úthlutað úr veiðikortasjóði til eftirfarandi verkefna:

Heiti	Upphæð	Stofnun	Styrkþegi
Vöktun Refastofnsins	1.475.869	Háskóli Íslands	Páll Hersteinsson
Áhrif veiða á hrafnastofnin	200.000	Náttúrufræðistofnun	María Harðardóttir
Fuglar og raflinur	200.000	Náttúrufræðistofnun	Ólafur Einarsson
Rjúpnarannsóknir	4.600.000	Náttúrufræðistofnun	Ólafur Karl Nielsen
Gæsa- og andarannsóknir	4.000.000	Náttúrufræðistofnun	Arnór P. Sigfússon
Hreindýrarannsóknir	600.000	Ýmsir	Sakkari Kankanpaa
Samtals	11.075.869		

Allt í veiðitúrinn!

Gönguskór • Göngusokkar • Fleece-peysur • Nærfatnaður • Goretex fatnaður
Felulitafatnaður • Gervigæsir • Gæsaflautur • Legghlífur • Vettlingar • Húfur
GPS staðsetningartæki • Áttavitar
Sjónaukar • Neyðarblys • Hagla-byssur • Skot • Skotbelti
Rjúpnavesti • Rjúpnakippur
Sjúkrapúðar og margt fleira.



**Póstsendum
samdægurs.**

*Njóttu útlífsins með
búnaði frá okkur.*

ÚTILÍF



GLÆSIBÆ
Sími 545 1500 • www.utilif.is



Munið eftir frikortinu

Hreinn veiðipjarkur



Afkomandi ótal kynslóða



Remington 11-87 Premier,
formfögur og skotvís

Remington®

Umboð á Íslandi:

Veidiland